

h.f. Leiddi skoðun þeirra í ljós, að trésmiðjan framleiðir húsgögn úr furu og krossviði, úr birki og fleiri viðartegundum. Húsgögnin eru að mestu leyti framleidd með vélum í fjöldaframleiðslu. Bekkvinna er eingöngu í því fólgin að setja á húsgögnin skrár og lamir og annað hliðstætt. Húsgögnin munu „slípuð“ í vélum, en handslípun á sér einnig stað, þar sem vélum verður ekki við komið. Húsgögnin eru sett saman hjá ákærðu, sem fyrr greinir. Húsgagnaframleiðslan er eingöngu miðuð við máluð húsgögn, en málning þeirra fer ekki fram hjá ákærðu. Húsgögn þau, er framleidd eru í Trésmiðjunni „Heiðmörk“, eru þessi: Klæðaskápar, kommóður, sængurfatakassar, dagstofuskápar, baklausir stólar, ýmis konar borð, tauskápar, bókahillur og bókaskápar. Húsgögnin eru seld að mestu leyti í umboðssölu.

Þegar virt eru þau atvik í máli þessu, að húsgagnaframleiðslan í Trésmiðjunni „Heiðmörk“ h.f. fer að mestu leyti fram í vélum, að húsgögnin, sem eru einföld að gerð, eru framleidd í fjöldaframleiðslu fyrir frjálsan markað, að framleiðslunni virðist þannig háttað, að hver maður geti unnið hluta af starfinu, án þess að kunna skil á öðrum hlutum þess, þá þykir starfsemi ákærðu, eins og henni er nú háttað, vera iðja, þótt ákærðu hafi ekki fengið iðjuleyfi, og ekki brjóta í bága við lagaákvæði þau, sem þeir eru ákærðir fyrir brot á. Ber því að sýkna þá af ákærinni. Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda þeirra, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Aðalsteinn Óskar Þórarinnsson og Hjalti Þórarinnsson, eiga að vera sýknir af ákærinni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda þeirra, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 500.00.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 20/1952. **Ákærvaldið** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Herði Jóhannesi Valdimarssyni
(Lárus Jóhannesson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skýrsla ákærða um, að hann hafi ætlað umrætt áfengi til eigin neyzlu, þykir ótrúleg, eins og háttað er högum hans, sem

lýst er í héraðsdómi. Hefur hann því eigi fært rök að því, að áfengið hafi eigi verið ætlað til sölu, og ber að refsa honum samkvæmt lagaboðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali. Ákveðst refsing ákærða 1275 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, sem tekið var af ákærða, skal gera upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannes Valdimarsson, greiði 1275 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi er upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun verjanda í héraði, Steins Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. des. 1951.

Ár 1951, fimmtudaginn 20. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4399/1951: Ákærvaldið gegn Herði Jóhannesi Valdimarssyni, sem dómtekið var 18. desember s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra gegn Herði Jóhannesi Valdimarssyni verkamanni, til heimilis á Laugateig 19 hér í bæ, fyrir brot gegn 16. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 47 frá 1951, með því að hafa meðferðis í bifreiðinni G 492, sem hann var farþegi í kvöldið 28. apríl s.l., 4 hálfflöskur og 1 heilflösku af brennivíni, án þess að geta sannað með sterkum líkum, að áfengi þetta væri ekki ætlað til sölu.

Ákærði er samkvæmt 36. gr. áfengislaga, sbr. 2. gr. laga nr. 47 frá 1951, sóttur til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og til upptöku hins ólöglega áfengis samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1951.

Ákærði er fæddur 28. október 1923 í Reykjavík. Hefur hann sætt kær-um og refsingum, sem hér segir:

1938 18/2 Kærður fyrir svik. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1939 2/11 Kærður fyrir hnúpl á dynamó. Látið falla niður, með því að hér var um lítið verðmæti að ræða og málssóknar ekki krafizt.

1941 30/3 Kærður fyrir meinta árás. Felld niður gegn loforði kærða um 25 kr. skaðabótageiðslu.

1941 29/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 1/12 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 1. gr. laga nr. 13 1941. 1 whisky-peli upptækur.

1942 7/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 20/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og að segja rangt til nafns síns.

1943 19/11 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 4/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 5/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 10/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 4/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 6/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 11/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 8/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 30/11 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1949 16/12 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 23/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Felld niður.

1951 27/8 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Síðla laugardagskvöldið 28. apríl s.l. veittu lögreglumennirnir Skarp-héðinn Loftsson og Magnús Guðmundsson athygli fólksbifreiðinni G 492, er lónaði fram og aftur í Tryggvagötu. Bifreiðinni ók maður, sem lögreglumönnum var kunnugt um, að hafði hlotið refsingu fyrir ólöglega vinsölu. Hjá honum í framsæti var ákærði. Lögreglumönnum fannst háttalag bílstjórans grunsamlegt, sérstaklega þegar þess var gætt, að Skarphéðinn hafði tekið eftir þessari sömu bifreið og sama bílstjóra nokkrum kvöldum áður, og hagði bílstjórinn sér þá á sama hátt með bifreið sína. Þegar bíllinn stöðvaði í Tryggvagötu hjá pylsuvagninum, gengu lögreglumennirnir að bílnum í því skyni að gera leit að víni í bílnum. Þeir settust því upp í bílinn og sögðu bílstjóranum að aka á lögreglustöðina. Er bílstjórinn var að aka af stað, tóku lögreglumennirnir eftir því, að bílstjórinn laumaði hálfflösku af áfengi til ákærða. Lögreglumennirnir tóku flösku þessa. Ákærði opnaði geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar, tók þar eina hálfflösku af áfengi og stakk á sig. Lögreglan tók einnig þessa flösku.

Við leit í bílnum fundust auk framangreindra tveggja háflaskna 1 heilflaska og 2 háflöskur. Flöskur þessar munu allar hafa verið fullar

nema ein hálfflaskan, er eitthvað lítils háttar borð var á. Ákærði og bílstjórinn sögðu strax, að ákærði ætti allt vínið og héldu þeir staðfastlega við það undir rannsókn málsins. Ákærði var undir áhrifum áfengis. Hann segist þennan dag fyrir hádegi hafa keypt 3 flöskur af brennivíni í Áfengisverzlun ríkisins fyrir örorkulífeyri, sem hann nýtur. Hann hellti innihaldi tveggja flaskanna á 4 hálfflöskur. Hann drakk með öðrum manni upp úr einni flösku af áfengi um daginn. Síðan náði hann í allar víNFLöskur sínar, hélt niður í bæ um kvöldið og hugðist fara á dansleik, en ekkert varð úr því. Hann hitti bílstjóran á G 492, er staddur var með bifreiðina við benzínafgreiðslu Esso í Hafnarstræti. Ákærði bað bílstjóran að aka sér, en þeir eru góðir kunningjar, en bifreiðin G 492 er einkabifreið, en ekki leigubifreið, enda ekki í leiguakstri umrætt kvöld. Bifreiðarstjórinn varð við þessari beiðni ákærða. Síðan óku þeir fram og aftur um Tryggvagötu, niður að höfninni og víðar um miðbæinn. Ákærði lét vínið, sem hann hafði meðferðis, í geymsluhólf mælaborðs bifreiðarinnar, nema eina hálfflösku, sem ákærði var rétt aðeins byrjaður að dreypa á, er lögreglan kom til skjalanna. Ákærði mun hafa dvalið í bílnum um 2 klst. á að gizka.

Er lögreglan kom, hafði ákærði farið að kaupa pylsur og skilið hálfflöskuna eftir í sætinu hjá bílstjóranum. Bílstjórinn ýtti flösku þessari yfir til ákærða, en lögreglumennirnir tóku flöskuna.

Ákærði er öryrki og nýtur örorkulífeyris og fékk á þeim tíma, sem hér um ræðir, kr. 410.00 á mánuði. Lífeyri sinn fyrir aprilmánuð tók hann út 16. apríl. Hann býr hjá foreldrum sínum.

Ákærði hefur harðneitað því, að hann hafi ætlað umrætt vín til sölu, heldur eingöngu til neyzlu handa sér og kunningjum sínum, ef svo byði við að horfa. Þá hefur ákærði, eins og fyrr er greint frá, haldið fastlega við það, að hann ætti vínið.

Nú er það svo, að allt lón þeirra félaga, bifreiðarstjórans og ákærða í bifreiðinni G 492 vakti eðlilega grunsemdir hjá lögreglumönnunum um að akstur þeirra félaga í G 492 væri ekki eins sakleysislegur og í fljótu bragði gæti virzt, sérstaklega þegar þess er gætt, að lögreglumennirnir þekktu bifreiðarstjóran að leynivínsölu. Ennfremur sýnist það fremur ótrúlegt, að jafntekjulitill maður og ákærði hafi haft peningaráð til að kaupa 3 flöskur af brennivíni tæpum hálfum mánuði eftir útborgun lífeyris, að mikill hluti vinsins er látinn á hálfflöskur eingöngu í því skyni, að það sé hægara til flutnings og að farþegi í bifreið geymi vín sitt í geymsluhólfi mælaborðs bifreiðarinnar.

En þegar þess er gætt, að eigi er annað upplýst í málinu en að ákærði eigi umrætt vín, hér er ekki um mikið vín að tefla, og sannað er, að ákærði var við skál og var að neyta vins, er lögreglan kom, og hann hefur staðfastlega haldið við það, að hann hafi ætlað þetta vín til áframhaldandi neyzlu, sem óneitanlega áfengisáhrif og áfengisneyzla ákærða bentu til, þykir varhugavert að telja annað en að ákærði hafi fært nægar sannanir að því, að hann hafi ekki ætlað áfengið til sölu. Ber því að

sýkna ákærða af ákærunni um brot á 16. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1951.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Steins Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannes Valdimarsson, á að vera sýkn af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Steins Jónssonar hdl., að upphæð kr. 400.00.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 28/1950. **Handiða- og myndlistaskólinn**

(Ragnar Jónsson)

gegn

Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted

(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar vinnusamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, hann sýknaður af kröfum stefnda, fjárnámsgerð, sem framkvæmd var 21. okt. 1949 til tryggingar dómkröfunum, verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnunum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, sem eigi sótti þing í málinu í héraði, hefur fengið nóvaleyfi, dagsett 1. nóv. 1949.

Málsatvik eru þessi: